

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2006/13/EB

2008/EES/76/07

frá 3. febrúar 2006

um breytingu á I. og II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB um óæskileg efni í föðri, að því er varðar díoxín og PCB-efni sem líkjast díoxíni(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í föðri ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2002/32/EB er kveðið á um að bannað sé að dreifa og nota afurðir sem ætlaðar eru í föður og innihalda óæskileg efni í styrk sem er yfir hámarks-gildunum sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þá tilskipun.
- 2) Heitið „díoxín“ nær í þessari tilskipun yfir hóp 75 efnamynda (congeners) af fjöklóruðum díbensó-*p*-díoxínum (PCDD) og 135 efnamyndir af fjöklóruðum díbensófurönnum, en 17 þeirra eru eitraðar. Fjöklóruð bífenýl (PCB-efni) eru hópur 209 mismunandi efnamynda sem skipta má í tvo hópa eftir eiturefnafræðilegum eiginleikum þeirra. Af þessum efnamyndum búa 12 þeirra yfir eiginleikum sem líkjast eiturefnafræðilegum eiginleikum díoxína og þær eru því oft nefndar „díoxínlik PCB-efni“. Eiturhrif hinna PCB-efnanna líkjast ekki eiturhrifum díoxíns heldur hafa þau efni aðra eiturefnafræðilega eiginleika.
- 3) Efnamyndir díoxína og díoxínlikra PCB-efna hafa hver um sig missterk eiturhrif. Svo að unnt sé að taka saman eiturhrif þessara mismunandi efnamynda hefur hugtakið „eiturjafngildisstuðlar“ (TEFs) verið tekið upp til að greiða fyrir áhættumati og lögbundnu eftirliti. Þetta merkir að niðurstöður greiningar á öllum 17 efnamyndum díoxína og 12 efnamyndum díoxínliku PCB-efnanna eru gefnar upp með einni megindegri iningun: „TCDD-eiturjafngildisstyrkur“ (TEQ).
- 4) Hinn 30. maí 2001 samþykkti vísindanefndin um matvæli (SCF) álit um áhættumat fyrir díoxín og díoxínlik PCB-efni í matvælum og uppfærði álit sitt frá 22. nóvember 2000 um þetta efni á grundvelli nýrra, vísindalegra upplýsinga sem höfðu komið fram eftir samþykkt síðara álitsins ⁽²⁾. Vísindanefndin um matvæli festi gildi fyrir þolanlegan vikuskammt (TWI) sem nemur 14 μ g WHO-TEQ/kg líkamsþyngdar fyrir díoxín og díoxínlik PCB-efni. Mat á váhrifum sýnir að mikill hluti almennings í Bandalaginu fær með matvælum meira í sig af díoxíni og díoxínlikum PCB-efnum en gildi fyrir þolanlegan vikuskammt segja til um. Tilteknir hópar íbúa í sumum löndum gætu verið í meiri hættu en aðrir vegna sérstaks mataræðis.
- 5) Yfir 90% þeirra váhrifa, sem menn verða fyrir af völdum díoxíns og díoxínlikra PCB-efna, má rekja til matvæla. Alla jafna má rekja um 80% af heildarváhrifunum til matvæla úr dýraríkinu. Dýr fá díoxín og díoxínlik PCB-efni fyrst og fremst með föðri. Því er hugsanlegt að upptök díoxínmengunar og mengunar díoxínlikra PCB-efna séu í föðri og í sumum tilvikum í jarðvegi.
- 6) Vísindanefndin um föður (SCAN) hefur verið beðin að gefa álit sitt á upptökum mengunar í föðri, sem inniheldur díoxín og PCB-efni, þ.m.t. díoxínlik PCB-efni, á váhrifum sem dýrategundir, sem gefa af sér afurðir til manndis, verða fyrir af völdum díoxína og PCB-efna, á því hvernig þessi efnasambönd færast yfir í matvæli úr dýraríkinu og á hvers kyns áhrifum sem díoxín og PCB-efni í föðri hafa á heilbrigði dýra. Vísindanefndin um föður sendi frá sér álit 6. nóvember 2000. Þar kom fram að fiskimjöl og fisklýsi væri þau föðurefni sem væru mest menguð. Dýrafitu var tilgreind sem annað mengaðasta efnið. Styrkur díoxíns var tiltölulega lítill í öllum öðrum föðurefnum úr dýra- og jurtaríkinu. Díoxínmengun grófföðurs var mjög mismunandi og ræðst af staðsetningu, umfangi mengunar í jarðvegi og váhrifum af völdum loftmengunar. Vísindanefndin um föður mælti m.a. með því að leggja skuli áherslu á að draga úr áhrifum af völdum menguðustu föðurefnanna á heildarmengun í matvælum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 32, 4.2.2006, bls. 44. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2006 frá 22. september 2006 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 60, 30.11.2006, p. 15.

(¹) Stjtið. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/87/EB (Stjtið. ESB L 318, 6.12.2005, bls. 19).

(²) Álit vísindanefndarinnar um matvæli um áhættumat fyrir díoxín og díoxínlik PCB-efni í matvælum sem samþykkt var 30. maí 2001 — uppfærsla, byggð á nýjum, vísindalegum upplýsingum sem komið hafa fram eftir samþykkt álits vísindanefndarinnar frá 22. nóvember 2000 (http://europa.eu.int/comm/food/fs/sc/scf/out90_en.pdf).

- 7) Þótt eiturefnafræðileg sjónarmið mæli með því að hámarksgildi skuli eiga við um díoxín og díoxínlik PCB-efni voru hámarksgildi eingöngu sett fyrir díoxín en ekki fyrir díoxínlik PCB-efni vegna mjög takmarkaðra upplýsinga á þeim tíma um algengi síðarnefndu efnanna. Frá þeim tíma hafa á hinn bóginn komið fram frekari upplýsingar að þessu lútandi.
- 8) Samkvæmt tilskipun 2002/32/EB skal framkvæmdastjórnin endurskoða ákvæðin að því er varðar díoxín í fyrsta sinn eigi síðar en í árslok 2004 í ljósi nýrra upplýsinga um tilvist díoxína og díoxínlikra PCB-efna, einkum með það í huga að láta þau gildi, sem verða fastsett, ná einnig til díoxínlikra PCB-efna.
- 9) Allir rekstraraðilar í fôður- og matvælaferlinu verða áfram að gera allar nauðsynlegar og tiltækar ráðstafanir svo að halda megi styrk díoxína og díoxínlikra PCB-efna í fôðri og matvælum í lágmarki. Í tilskipun 2002/32/EB er því kveðið á um að endurskoða skuli hámarksgildin á ný eigi síðar en 31. desember 2006 með það í huga að lækka hámarksgildin umtalsvert. Þar eð það tekur tíma að afla nægilegra vöktunargagna til þess að ákvarða umtalsvert lægri gildi í þessu tilliti skal veita lengri frest til slíkrar ákvörðunar.
- 10) Lagt er til að hámarksgildi verði sett fyrir summu díoxína og díoxínlikra PCB-efna, sem gefin er upp sem eiturjafngildi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), og að stuðst verði við eiturjafngildistuðla stofnunarinnar (TEF), því að út frá eiturefnafræðilegum sjónarmiðum eru þeir heppilegastir. Svo að tryggja megi snurðulaus umskipti skulu núverandi viðmiðunarmörk fyrir díoxín vera áfram í gildi á aðlögunartímabili, auk gilda sem hafa nýlega verið sett fyrir summu díoxína og díoxínlikra PCB-efna. Einstök hámarksgildi fyrir díoxín (PCDD/F) gilda áfram um hríð. Þær vörur, sem eru ætlaðar til að fôðra dýr og um getur í lið 27 a, mega á því tímabili hvorki fara yfir þau hámarksgildi, sem eru sett fyrir díoxín, né hámarksgildin fyrir summu díoxína og díoxínlikra PCB-efna. Eigi síðar en 31. desember 2008 skulu menn vega og meta hvort fella megi niður sérstöku hámarksgildin fyrir díoxín.
- 11) Afar mikilvægt er að samræmd aðferð sé viðhöfð þegar grein er gerð fyrir niðurstöðum greiningar og við túlkun þeirra til að tryggja samræmda framkvæmd alls staðar í Evrópubandalaginu. Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/70/EB frá 26. júlí 2002 um kröfur við ákvörðun á magni díoxína og PCB-efna, sem líkjast díoxíni, í fôðri⁽¹⁾ er kveðið á um að vörur, sem eru ætlaðar til að fôðra dýr, séu ekki í samræmi við sett hámarksgildi ef niðurstöður greininga, staðfestar með endurtekinni greiningu og reiknaðar sem meðaltal a.m.k. tveggja mismunandi ákvarðana fara án vafa yfir hámarksgildin, að teknu tilliti til mælióvissu. Unnt er að meta aukna mælióvissu á mismunandi vegu⁽²⁾.
- 12) Gildissvið tilskipunar 2002/32/EB býður þann kost að setja hámarksgildi fyrir óæskileg efni í aukefnum í fôðri. Þar eð komið hefur í ljós að í snefilefnum eru díoxín í miklum styrk skal setja hámarksgildi fyrir díoxín og summu díoxína og díoxínlikra PCB-efna að því er varðar öll aukefni sem eru í hópi snefilefnablandna og rýmka skal hámarksgildi að því er varðar öll aukefni í hópi bindiefna og kekkjavarnarefna og að því er varðar forblöndur.
- 13) Í því skyni að ýta undir markvissar aðgerðir sem miða að því að draga úr styrk díoxína og díoxínlikra PCB-efna í matvælum og fôðri voru aðgerðarmörk sett með tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2002/201/EB frá 4. mars 2002 um að draga úr díoxínum, fúrönnum og PCB-efnum í fôðri og matvælum⁽³⁾. Þessi aðgerðarmörk eru tæki sem nýtast lögbærum yfirvöldum og rekstraraðilum til að draga fram þau tilvik þar sem rétt þykir að tilgreina upptök mengunar og grípa til ráðstafana til þess að minnka umfang þeirra eða stemma stigu við þeim. Þar eð upptök díoxína og díoxínlikra PCB-efna eru ekki hin sömu skal ákvarða mismunandi aðgerðarmörk fyrir díoxín annars vegar og díoxínlik PCB-efni hins vegar.
- 14) Í tilskipun 2002/32/EB er kveðið á um að megi setja aðgerðarmörk. Því skulu aðgerðarmörkin í tilmælum 2002/201/EB færð yfir í II. viðauka við tilskipun 2002/32/EB.
- 15) Til að tryggja vernd neytenda er bæði mikilvægt og nauðsynlegt að minnka vahrif af völdum díoxína og díoxínlikra PCB-efna sem verða við neyslu matvæla. Þar eð mengun matvæla er nátengd mengun fôðurs verður að samþykkja samþætta aðferð til að minnka útbreiðslu díoxína og díoxínlikra PCB-efna í fæðukeðjunni og matvælaferlinu, þ.e. úr fôðurefnum yfir í dýr sem gefa af sér afurðir og þaðan í menn. Markvissri aðferð er fylgt til þess að draga á virkan hátt úr styrk díoxína og díoxínlikra PCB-efna í fôðri og matvælum og þar af leiðandi skal endurskoða gildandi hámarksgildi innan tiltekins tíma með það að markmiði að lækka gildin. Því skal vega það og meta eigi síðar en 31. desember 2008 hvort hámarksgildin að því er varðar summu díoxína og díoxínlikra PCB-efna skuli lækkuð umtalsvert.

(1) Stjtið. EB L 209, 6.8.2002, bls. 15. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2005/7/EB (Stjtið. ESB L 27, 29.1.2005, bls. 41).

(2) Upplýsingar um mismunandi aðferðir til þess að meta aukna óvissu og um gildi fyrir mælióvissu finnast í skýrslunni „Report on the relationship between analytical results, measurement uncertainty, recovery factors and the provisions of EU food and feed legislation“ — http://europa.eu.int/comm/food/food/chemicalsafety/contaminants/report-sampling_analysis_2004_en.pdf

(3) Stjtið. EB L 67, 9.3.2002, bls. 69.

- 16) Rekstraraðilar verða að beita öllum tiltækum ráðum til þess að hreinsa díoxín og díoxínlik PCB-efni úr fisklýsi á skilvirkkan hátt. Rekstraraðilar verða að beita sér fyrir frekari rannsóknum á mismunandi aðferðum við að hreinsa díoxín og díoxínlik PCB-efni úr fiskimjöli og vatnsrofsefnum úr fiskprótíni. Þegar tækni til þess að afmenga fiskimjöl og vatnsrofsefni úr fiskprótíni hefur verið fundin upp skulu rekstraraðilar sjá til þess að geta þeirra til afmengunar verði nægileg. Þau umtalsvert lægri hámarksgildi fyrir summu díoxína og díoxínlikra PCB-efna, sem fastsetja á eigi síðar en 31. desember 2008, skulu gilda fyrir fisklýsi, fiskimjöl og vatnsrofsefni úr fiskprótíni og grundvallast á þeirri aðferð við afmengun sem er árangursríkust og fjárhagslega hagkvæm. Að því er varðar fiskafóður skulu þessi umtalsvert lægri gildi ákvörðuð út frá þeirri aðferð við afmengun á fisklýsi og fiskimjöli sem er árangursríkust og fjárhagslega hagkvæm.
- 17) Sú útdráttaraðferð, sem er notuð við greiningu á díoxínum og díoxínlikum PCB-efnum, hefur víðtæk áhrif á niðurstöður greiningar, einkum þegar um er að ræða vörur sem nota á sem fóður og eru úr steinaríkinu og því er rétt ákveða þá útdráttaraðferð, sem nota skal við greiningu díoxína og díoxínlikra PCB-efna, fyrir gildistöðudaginn.
- 18) Því ber að breyta tilskipun 2002/32/EB til samræmis við það.
- 19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við tilskipun 2002/32/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 4. nóvember 2006. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

a) Í stað 27. liðar í I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB komi eftirfarandi:

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í föður	Hámarksinnihald í föðri, reiknað út frá 12% rakainnihaldi
(1)	(2)	(3)
27a. Díoxín (summa fjöklóraðra díbensó- <i>para</i> -díoxína (PCDD) og fjöklóraðra díbensófúrana (PCDF), gefin upp sem eiturjafngildi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), með því að nota WHO-TEF (eiturjafngildisstuðla frá 1997)) (*)	a) Fóðurefni úr plönturíkinu, að undanskilinni jurtaolíu og aukaafurðum úr henni	0,75 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (**)(***)
	b) Jurtaolíu og aukaafurðir úr henni	0,75 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (**)(***)
	c) Fóðurefni úr steinaríkinu	1,0 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (**)(***)
	d) Dýrafita, þ.m.t. mjólkurfita og fita úr eggjum	2,0 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (**)(***)
	e) Aðrar afurðir af landdýrum, þ.m.t. mjólk, mjólkurafurðir og egg og eggjaafurðir	0,75 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (**)(***)
	f) Fisklýsi	6,0 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (**)(***)
	g) Fiskur, önnur lagardýr, afurðir þeirra og aukaafurðir, að undanskildu fisklýsi og vatnsrofsefnum úr fiskprótini sem innihalda meira en 20% fitu (****)	1,25 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (**)(***)
	h) Vatnsrofsefni úr fiskprótini sem innihalda meira en 20% fitu	2,25 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (**)(***)
	i) Aukefni kaólínleir, kalsíumsúlfatdihýdrat, vermikulít, natrólítónólít, tilbúin kalsíumálöt og klínóptílólit úr seti sem tilheyra hópi bindi- og kekkjavarnarefna	0,75 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (**)(***)
	j) Aukefni sem tilheyra hópi snefilefnablandna	1,0 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (**)(***)
	k) Forblöndur	1,0 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (**)(***)
	l) Föðurlöndur, að undanskildu föðri fyrir loðdýr, gæludýraföðri og fiskaföðri	0,75 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (**)(***)
	m) Fiskaföður Gæludýraföður	2,25 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (**)(***)
27b. Summa díoxína og díoxínlíkra PCB-efna (summa fjöklóraðra díbensó- <i>para</i> -díoxína (PCDD), fjöklóraðra díbensófúrana (PCDF) og fjöklóraðra bifényla (PCB-efna), gefin upp sem eiturjafngildi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), með því að nota WHO-TEF (eiturjafngildisstuðla frá 1997)) (*)	a) Fóðurefni úr plönturíkinu, að undanskilinni jurtaolíu og aukaafurðum úr henni	1,25 ng WHO-PCDD/F-PCB-TEQ/kg (**)
	b) Jurtaolíu og aukaafurðir úr henni	1,5 ng WHO-PCDD/F-PCB-TEQ/kg (**)
	c) Fóðurefni úr steinaríkinu	1,5 ng WHO-PCDD/F-PCB-TEQ/kg (**)
	d) Dýrafita, þ.m.t. mjólkurfita og fita úr eggjum	3,0 ng WHO-PCDD/F-PCB-TEQ/kg (**)

(1)	(2)	(3)
	e) Aðrar afurðir af landdýrum, þ.m.t. mjólk, mjólkurafurðir og egg og eggjaafurðir	1,25 ng WHO-PCDD/F-PCB-TEQ/kg (**)
	f) Fisklýsi	24,0 ng WHO-PCDD/F-PCB-TEQ/kg (**)
	g) Fiskur, önnur lagardýr, afurðir þeirra og aukaafurðir, að undanskildu fisklýsi og vatnsrofsefnum úr fiskprótíni sem innihalda meira en 20% fitu (****)	4,5 ng WHO-PCDD/F-PCB-TEQ/kg (**)
	h) Vatnsrofsefni úr fiskprótíni sem innihalda meira en 20% fitu	11,0 ng WHO-PCDD/F-PCB-TEQ/kg (**)
	i) Aukefni sem tilheyra hópi bindi- og kekkgjavarnarefna	1,5 ng WHO-PCDD/F-PCB-TEQ/kg (**)
	j) Aukefni sem tilheyra hópi snefilefnablöndna	1,5 ng WHO-PCDD/F-PCB-TEQ/kg (**)
	k) Forblöndur	1,5 ng WHO-PCDD/F-PCB-TEQ/kg (**)
	l) Fóðurlöndur, að undanskildu fódri fyrir loðdýr, gæludýrafóðri og fiskafóðri	1,5 ng WHO-PCDD/F-PCB-TEQ/kg (**)
	m) Fiskafóður Gæludýrafóður	7,0 ng WHO-PCDD/F-PCB-TEQ/kg (**)

(*) Jafngildisstuðlar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir eiturhrif (WHO TEF) til nota við áhættumat fyrir menn sem grundvallast á niðurstöðum ráðstefnu stofnunarinnar í Stokkhólmi í Svíþjóð 15. til 18. júní 1997 (Van den Berg et al., (1998) „Toxic Equivalency Factors (TEFs) for PCBs, PCDDs, PCDFs for Humans and for Wildlife“. *Environmental Health Perspectives*, 106(12), 775).

Efnamyndir	TEF-gildi	Efnamyndir	TEF-gildi
Dibensó-p-díoxín (PCDD)		Díoxínlik PCB-efni	
2,3,7,8-TCDD	1	PCB-efni, önnur en ortó-PCB-efni + ein-ortó-PCB-efni	
1,2,3,7,8-PeCDD	1	PCB-efni, önnur en ortó-PCB-efni	
1,2,3,4,7,8-HxCDD	0,1	PCB 77	0,0001
1,2,3,6,7,8-HxCDD	0,1	PCB 81	0,0001
1,2,3,7,8,9-HxCDD	0,1	PCB 126	0,1
1,2,3,4,6,7,8-HpCDD	0,01	PCB 169	0,01
OCDD	0,0001		
Dibensófúrön (PCDF)		Ein-ortó-PCB-efni	
2,3,7,8-TCDF	0,1	PCB 105	0,0001
1,2,3,7,8-PeCDF	0,05	PCE 114	0,0005
2,3,4,7,8-PeCDF	0,5	PCB 118	0,0001
1,2,3,4,7,8-HxCDF	0,1	PCB 123	0,0001
1,2,3,6,7,8-HxCDF	0,1	PCB 156	0,0005
1,2,3,7,8,9-HxCDF	0,1	PCB 157	0,0005
2,3,4,6,7,8-HxCDF	0,1	PCB 167	0,00001
1,2,3,4,6,7,8-HpCDF	0,01	PCB 189	0,0001
1,2,3,4,7,8,9-HpCDF	0,01		
OCDF	0,0001		

Skammstafanir: T = tetra, Pe = penta, Hx = hexa, Hp = hepta, O = okta, CDD = klórdibensodíoxín, CDF = klórdibensófúrön, CB = klórbifenýl.

- (**) Efri styrkleikamörk: við útreikning efri styrkleikamarka er gert ráð fyrir því að öll gildi fyrir mismunandi efnamyndir, sem eru undir magngreiningarmörkum, séu jöfn magngreiningarmörkunum.
- (***) Einstök hámarks-gildi fyrir díoxín (PCDD/F) gilda áfram um hríð. Þær vörur, sem eru ætlaðar til að fæða dýr og um getur í lið 27 a, mega á því tímabili hvorki fara yfir þau hámarks-gildi, sem eru sett fyrir díoxín, né hámarks-gildin fyrir summu díoxína og díoxínlikra PCB-efna.
- (****) Ferskur fiskur, sem er afhentur beint og notaður án millistigs-vinnslu við framleiðslu á loðdýrafóðri, er undanskilinn þessum hámarks-gildum en hámarks-gildin 4,0 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg afurðar og 8,0 ng WHO-PCDD/F-PCB-TEQ/kg afurðar gilda um ferskan fisk sem er notaður beint sem fóður fyrir gæludýr og dýr í dýragörðum og fjölleikahúsum. Afurðirnar, unnin dýraprótín sem eru framleidd úr þessum dýrum (loðdýrum, gæludýrum og dýrum í dýragörðum og fjölleikahúsum), mega ekki komast inn í fæðukeðjuna og bannað er að nota þær sem fóður fyrir húsdýr sem eru alin og ræktað til matvælaframleiðslu.“

b) Í stað II. viðauka við tilskipun 2002/32/EB komi eftirfarandi:

Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í föður	Aðgerðarmark fyrir föður, reiknað út frá 12% rakainnihaldi	Athugasemdir og frekari upplýsingar (t.d. eðli rannsókna sem gerðar verða)
(1)	(2)	(3)	(4)
<p>1. Díoxín (summa fjölkloráðra díbensó-<i>para</i>-díoxína (PCDD) og fjölkloráðra díbensófúrana (PCDF), gefin upp sem eiturjafngildi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), með því að nota WHO-TEF (eiturjafngildisstuðla frá 1997)) (*)</p>	<p>a) Fóðurefni úr plönturíkinu, að undanskilinni jurtaolíu og aukaafurðum úr henni</p>	<p>0,5 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (**) (***)</p>	<p>Greining á upptökum mengunar. Þegar upptök hafa verið greind skal gera viðeigandi ráðstafanir, eftir því sem unnt er, til að minnka umfang þeirra eða stemma stigu við þeim.</p>
	<p>b) Jurtaolía og aukaafurðir úr henni</p>	<p>0,5 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (**) (***)</p>	<p>Greining á upptökum mengunar. Þegar upptök hafa verið greind skal gera viðeigandi ráðstafanir, eftir því sem unnt er, til að minnka umfang þeirra eða stemma stigu við þeim.</p>
	<p>c) Fóðurefni úr steinaríkinu</p>	<p>0,5 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (**) (***)</p>	<p>Greining á upptökum mengunar. Þegar upptök hafa verið greind skal gera viðeigandi ráðstafanir, eftir því sem unnt er, til að minnka umfang þeirra eða stemma stigu við þeim.</p>
	<p>d) Dýrafita, þ.m.t. mjólkurfita og fita úr eggjum</p>	<p>1,0 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (**) (***)</p>	<p>Greining á upptökum mengunar. Þegar upptök hafa verið greind skal gera viðeigandi ráðstafanir, eftir því sem unnt er, til að minnka umfang þeirra eða stemma stigu við þeim.</p>
	<p>e) Aðrar afurðir af landdýrum, þ.m.t. mjólk, mjólkurafurðir og egg og eggjaafurðir</p>	<p>0,5 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (**) (***)</p>	<p>Greining á upptökum mengunar. Þegar upptök hafa verið greind skal gera viðeigandi ráðstafanir, eftir því sem unnt er, til að minnka umfang þeirra eða stemma stigu við þeim.</p>
	<p>f) Fisklýsi</p>	<p>5,0 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (**) (***)</p>	<p>Í mörgum tilvikum má vera að ekki sé nauðsynlegt að rannsaka upptök mengunarinnar þar eð bakgrunngildið er á sumum svæðum mjög nálægt eða yfir aðgerðargildinu. Í tilvikum þar sem farið er yfir aðgerðargildið skal hins vegar skrá allar upplýsingar sem skipta máli, s.s. sýnatökutímabil, landfræðilegan uppruna og fisktegund, svo að gera megi viðeigandi ráðstafanir í framtíðinni í því skyni að halda styrk díoxína og díoxínlíkra efnasambanda í þessum fóðurefnum í skefjum.</p>

(1)	(2)	(3)	(4)
	g) Fiskur, önnur lagardýr, afurðir þeirra og aukaafurðir, að undanskildu fisklýsi og vatnsrofsefnum úr fiskprótíni sem innihalda meira en 20% fitu	1,0 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (**)(***)	Í mörgum tilvikum má vera að ekki sé nauðsynlegt að rannsaka upptök mengunarinnar þar eð bakgrunnsgildið er á sumum svæðum mjög nálægt eða yfir aðgerðargildinu. Í tilvikum þar sem farið er yfir aðgerðargildið skal hins vegar skrá allar upplýsingar sem skipta máli, s.s. sýnatökutímabil, landfræðilegan uppruna og fisktegund, svo að gera megi viðeigandi ráðstafanir í framtíðinni í því skyni að halda styrk díoxína og díoxínlikra efna sambanda í þessum fôðurefnum í skefjum.
	h) Vatnsrofsefni úr fiskprótíni sem innihalda meira en 20% fitu	1,75 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (**)(***)	Í mörgum tilvikum má vera að ekki sé nauðsynlegt að rannsaka upptök mengunarinnar þar eð bakgrunnsgildið er á sumum svæðum mjög nálægt eða yfir aðgerðargildinu. Í tilvikum þar sem farið er yfir aðgerðargildið skal hins vegar skrá allar upplýsingar sem skipta máli, s.s. sýnatökutímabil, landfræðilegan uppruna og fisktegund, svo að gera megi viðeigandi ráðstafanir í framtíðinni í því skyni að halda styrk díoxína og díoxínlikra efna sambanda í þessum fôðurefnum í skefjum.
	i) Aukefni sem tilheyra hópi bindi- og kekkjavarnarefna	0,5 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (**)(***)	Greining á upptökum mengunar. Þegar upptök hafa verið greind skal gera viðeigandi ráðstafanir, eftir því sem unnt er, til að minnka umfang þeirra eða stemma stigu við þeim.
	j) Aukefni sem tilheyra hópi snefilefnablandna	0,5 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (**)(***)	Greining á upptökum mengunar. Þegar upptök hafa verið greind skal gera viðeigandi ráðstafanir, eftir því sem unnt er, til að minnka umfang þeirra eða stemma stigu við þeim.
	k) Forblöndur	0,5 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (**)(***)	Greining á upptökum mengunar. Þegar upptök hafa verið greind skal gera viðeigandi ráðstafanir, eftir því sem unnt er, til að minnka umfang þeirra eða stemma stigu við þeim.
	l) Fôðurlöndur, að undanskildum fôðurlöndum fyrir löddýr, gæludýrafôður og fiskafôður	0,5 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (**)(***)	Greining á upptökum mengunar. Þegar upptök hafa verið greind skal gera viðeigandi ráðstafanir, eftir því sem unnt er, til að minnka umfang þeirra eða stemma stigu við þeim.

(1)	(2)	(3)	(4)
	m) Fiskafóður Gæludýrafóður	1,75 ng WHO-PCDD/F-TEQ/kg (**) (***)	Í mörgum tilvikum má vera að ekki sé nauðsynlegt að rannsaka upptök mengunarinnar þar eð bakgrunnsgildið er á sumum svæðum mjög nálægt eða yfir aðgerðargildinu í tilvikum þar sem farið er yfir aðgerðargildið skal hins vegar skrá allar upplýsingar sem skipta máli, s.s. sýnatökutímabil, landfræðilegan uppruna og fisktegund, svo að gera megi viðeigandi ráðstafanir í framtíðinni í því skyni að halda styrk díoxína og díoxínlikra efnasambanda í þessum fôðurefnum í skefjum.
2. Díoxínlik PCB-efni (summa fjöklóraðra bifényla (PCB), gefin upp sem eiturjafngildi Alþjóðaheilbrigðismála-stofnunarinnar (WHO), með því að nota WHO-TEF (eiturjafngildisstuðla frá 1997)) (*)	a) Fôðurefni úr plönturíkinu, að undanskilinni jurtaolíu og aukaafurðum úr henni	0,35 ng WHO-PCB-TEQ/kg (**) (***)	Greining á upptökum mengunar. Þegar upptök hafa verið greind skal gera viðeigandi ráðstafanir, eftir því sem unnt er, til að minnka umfang þeirra eða stemma stigu við þeim.
b) Jurtaolía og aukaafurðir úr henni	0,5 ng WHO-PCB-TEQ/kg (**) (***)	Greining á upptökum mengunar. Þegar upptök hafa verið greind skal gera viðeigandi ráðstafanir, eftir því sem unnt er, til að minnka umfang þeirra eða stemma stigu við þeim.	
c) Fôðurefni úr steinaríkinu	0,35 ng WHO-PCB-TEQ/kg (**) (***)	Greining á upptökum mengunar. Þegar upptök hafa verið greind skal gera viðeigandi ráðstafanir, eftir því sem unnt er, til að minnka umfang þeirra eða stemma stigu við þeim.	
d) Dýrafita, þ.m.t. mjólkurfita og fita úr eggjum	0,75 ng WHO-PCB-TEQ/kg (**) (***)	Greining á upptökum mengunar. Þegar upptök hafa verið greind skal gera viðeigandi ráðstafanir, eftir því sem unnt er, til að minnka umfang þeirra eða stemma stigu við þeim.	
e) Aðrar afurðir af landdýrum, þ.m.t. mjólk, mjólkurafurðir og egg og eggjaafurðir	0,35 ng WHO-PCB-TEQ/kg (**) (***)	Greining á upptökum mengunar. Þegar upptök hafa verið greind skal gera viðeigandi ráðstafanir, eftir því sem unnt er, til að minnka umfang þeirra eða stemma stigu við þeim.	

(1)	(2)	(3)	(4)
	f) Fisklýsi	14,0 ng WHO-PCB-TEQ/kg (**) (***)	Í mörgum tilvikum má vera að ekki sé nauðsynlegt að rannsaka upptök mengunarinnar þar eð bakgrunngildið er á sumum svæðum mjög nálægt eða yfir aðgerðargildinu. Í tilvikum þar sem farið er yfir aðgerðargildið skal hins vegar skrá allar upplýsingar sem skipta máli, s.s. sýnatökutímabil, landfræðilegan uppruna og fisktegund, svo að gera megi viðeigandi ráðstafanir í framtíðinni í því skyni að halda styrk díoxína og díoxínlíkra efnasambanda í þessum fôðurefnum í skefjum.
	g) Fiskur, önnur lagardýr, afurðir þeirra og aukaafurðir, að undanskildu fisklýsi og vatnsrofsefnum úr fiskprótíni sem innihalda meira en 20% fitu	2,5 ng WHO-PCB-TEQ/kg (**) (***)	Í mörgum tilvikum má vera að ekki sé nauðsynlegt að rannsaka upptök mengunarinnar þar eð bakgrunngildið er á sumum svæðum mjög nálægt eða yfir aðgerðargildinu. Í tilvikum þar sem farið er yfir aðgerðargildið skal hins vegar skrá allar upplýsingar sem skipta máli, s.s. sýnatökutímabil, landfræðilegan uppruna og fisktegund, svo að gera megi viðeigandi ráðstafanir í framtíðinni í því skyni að halda styrk díoxína og díoxínlíkra efnasambanda í þessum fôðurefnum í skefjum.
	h) Vatnsrofsefni úr fiskprótíni sem innihalda meira en 20% fitu	7,0 ng WHO-PCB-TEQ/kg (**) (***)	Í mörgum tilvikum má vera að ekki sé nauðsynlegt að rannsaka upptök mengunarinnar þar eð bakgrunngildið er á sumum svæðum mjög nálægt eða yfir aðgerðargildinu. Í tilvikum þar sem farið er yfir aðgerðargildið skal hins vegar skrá allar upplýsingar sem skipta máli, s.s. sýnatökutímabil, landfræðilegan uppruna og fisktegund, svo að gera megi viðeigandi ráðstafanir í framtíðinni í því skyni að halda styrk díoxína og díoxínlíkra efnasambanda í þessum fôðurefnum í skefjum.
	i) Aukefni sem tilheyra hópi bindi- og kekkjavarnarefna	0,5 ng WHO-PCB-TEQ/kg (**) (***)	Greining á upptökum mengunar. Þegar upptök hafa verið greind skal gera viðeigandi ráðstafanir, eftir því sem unnt er, til að minnka umfang þeirra eða stemma stigu við þeim.
	j) Aukefni sem tilheyra hópi snefilefnablandna	0,35 ng WHO-PCB-TEQ/kg (**) (***)	Greining á upptökum mengunar. Þegar upptök hafa verið greind skal gera viðeigandi ráðstafanir, eftir því sem unnt er, til að minnka umfang þeirra eða stemma stigu við þeim.

(1)	(2)	(3)	(4)
	k) Forblöndur	0,35 ng WHO-PCB-TEQ/kg (**) (***)	Greining á upptökum mengunar. Þegar upptök hafa verið greind skal gera viðeigandi ráðstafanir, eftir því sem unnt er, til að minnka umfang þeirra eða stemma stigu við þeim.
	l) Fóðurlöndur, að undanskildum fóðurlöndum fyrir loðdýr, gæludýrafóður og fiskafóður	0,5 ng WHO-PCB-TEQ/kg (**) (***)	Greining á upptökum mengunar. Þegar upptök hafa verið greind skal gera viðeigandi ráðstafanir, eftir því sem unnt er, til að minnka umfang þeirra eða stemma stigu við þeim.
	m) Fiskafóður Gæludýrafóður	3,5 ng WHO-PCB-TEQ/kg (**) (***)	Í mörgum tilvikum má vera að ekki sé nauðsynlegt að rannsaka upptök mengunarinnar þar eð bakgrunnsgildið er á sumum svæðum mjög nálægt eða yfir aðgerðargildinu. Í tilvikum þar sem farið er yfir aðgerðargildið skal hins vegar skrá allar upplýsingar sem skipta máli, s.s. sýnatökutímabil, landfræðilegan uppruna og fisktegund, svo að gera megi viðeigandi ráðstafanir í framtíðinni í því skyni að halda styrk dioxína og díoxínlíkra efnasambanda í þessum fòðurefnum í skefjum.

(*) Jafngildisstuðlar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir eituhrif (WHO TEF) til nota við áhættumat fyrir menn sem grundvallast á niðurstöðum ráðstefnu stofnunarinnar í Stokkhólmi í Svíþjóð 15. til 18. júní 1997 (Van den Berg et al., (1998) „Toxic Equivalency Factors (TEFs) for PCBs, PCDDs, PCDFs for Humans and for Wildlife.“

Efnamyndir	TEF-gildi	Efnamyndir	TEF-gildi
Dibensó-p-díoxín (PCDD)		Díoxínlík PCB-efni	
2,3,7,8-TCDD	1	PCB-efni, önnur en ortó-PCB-efni + ein-ortó-PCB-efni	
1,2,3,7,8-PeCDD	1	PCB-efni, önnur en ortó-PCB-efni	
1,2,3,4,7,8-HxCDD	0,1	PCB-efni, önnur en ortó-PCB-efni	
1,2,3,6,7,8-HxCDD	0,1	PCB 77	0,0001
1,2,3,7,8,9-HxCDD	0,1	PCB 81	0,0001
1,2,3,4,6,7,8-HpCDD	0,01	PCB 126	0,1
OCDD	0,0001	PCB 169	0,01
Dibensófúrön (PCDF)		Ein-ortó-PCB-efni	
2,3,7,8-TCDF	0,1	PCB 105	0,0001
1,2,3,7,8-PeCDF	0,05	PCE 114	0,0005
2,3,4,7,8-PeCDF	0,5	PCB 118	0,0001
1,2,3,4,7,8-HxCDF	0,1	PCB 123	0,0001
1,2,3,6,7,8-HxCDF	0,1	PCB 156	0,0005
1,2,3,7,8,9-HxCDF	0,1	PCB 157	0,0005
2,3,4,6,7,8-HxCDF	0,1	PCB 167	0,00001
1,2,3,4,6,7,8-HpCDF	0,01	PCB 189	0,0001
1,2,3,4,7,8,9-HpCDF	0,01		
OCDF	0,0001		

Skammstafanir: T = tetra, Pe = penta, Hx = hexa, Hp = hepta, O = okta, CDD = klórdibensodíoxín, CDF = klórdibensófúrön, CB = klórbifenýl.

(**) Efri styrkleikamörk: við útreikning efri styrkleikamarka er gert ráð fyrir því að öll gildi fyrir mismunandi efnamyndir, sem eru undir magngreiningarmörkum, séu jöfn magngreiningarmörkunum.

(***) Framkvæmdastjórnin mun endurskoða þessi aðgerðarmörk eigi síðar en 31. desember 2008, um leið og hún endurskoðar hámarksgildin fyrir summum díoxína og díoxínlíkra PCB-efna.